

Nd.

318. Frumvarp til laga

[159. mál]

um skólakostnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til eftirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur fara fram athugun á skólabyggingarþörf á öllu landinu fyrir þau skólastig, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Stofnkostnaður.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir eða lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að tíu ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.

b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingarþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

5. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, sem hefur með höndum eftirlit með byggingu skólamannvirkja. Í deildinni skulu m. a. starfa húsameistari, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Byggingadeildin skal annast eftirlit með undir-

búningi skólamannvirkja, endurskoða teikningar, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, líta eftir að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.

Byggingadeild ráðuneytisins lætur í té upplýsingar um þær reglur (norm), miðað við nemendafjölda og kröfur um frágang og búnað, sem framlag ríkisins skal miðast við, sbr. 7 gr.

Í reglugerð skal kveða á um þær reglur (norm), sem stofnkostnaðargreiðslur miðast við.

6. gr.

Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, verklýsingar og áætlun um framkvæmd verksins og kostnað.

Ráðuneytinu skal senda alla uppdrætti, verklýsingar og kostnaðaráætlanir, ásamt skipulagsuppdrætti af skólastað þeim, sem ráðuneytið hefur samþykkt, samninga eða staðfest skilríki um, að lóð og landrými sé fyrir hendi kvaðalaust, vatnsréttindi séu tryggð og samningur gerður um afnot af jarðhita, ef fyrir hendi er.

Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja, sem lög þessi ná til.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis. Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms með samþykki menntamálaráðuneytisins, greiðir ríkissjóður einn allan stofnkostnað heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Greiðsla á stofnkostnaði miðast við reglur (norm) byggingadeildar ráðuneytisins, sbr. 5 gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum telst, auk alls húsnæðis, innan-stokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis, og kostnaður við frágang skólalóðar, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu eða köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntamálaráðuneytisins, telst til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóðir á sinn kostnað.

Allan annan stofnkostnað en þann, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt framan-sögðu, greiða hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

8. gr.

Kostnaðaráætlun skólamannvirkja skal miða við byggingarkostnað á þeim tíma, er áætlunin er staðfest. Hækki vísitala byggingarkostnaðar eða sérstök vísitala skólamannvirkja, reiknuð af Hagstofu Íslands, frá staðfestingardegi áætlunarinnar til útborgunartíma framlaga samkv. 15. gr., hækkar framlag ríkissjóðs í sama hlutfalli, og skal byggingarframlag ríkissjóðs leiðrétt í fjárlögum næsta árs á eftir. Þessi ákvæði gilda einnig um geymdar fjárveitingar til skólamannvirkja.

9. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Séu þegar samþykktar fjárveitingar Alþingis til skólamannvirkis ónógar til að greiða $\frac{1}{3}$ af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntamálaráðuneytið eigi leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaðar.

aði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvisitölu, sbr. 8. gr.

11. gr.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr þeim standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali síðustu fimm ára.

12. gr.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, opinna eða yfirbyggðra, sem bæjar- og sveitarfélög hyggjast reisa ein eða í samvinnu við íþrótt- eða ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað kennslurýmis væri að ræða, miðað við nýtingu vegna skólalahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal ráðuneytið gera samning við eigendur þeirra íþróttamannvirkja, er undir lög þessi falla, um afnot skóla af mannvirkjunum og um stjórn þeirra.

Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja skv. lögum þessum er háð því, að fylgt hafi verið ákvæðum 6. gr. þessara laga um undirbúning og 9. gr., um hvenær hefja megi framkvæmdir, svo og að mótframlag sveitarfélaga sé greitt, sbr. 15. gr., áður en framlag ríkissjóðs er greitt. Sá hluti íþróttamannvirkis, sem byggður er samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað vegna þeirra framkvæmda, sem að álitu ráðuneytisins eru nauðsynlegar við eftirtalda heimavistarskóla gagnfræðastigs, enda sé miðað við núverandi stærð og nemendafjölda þeirra:

Alpýðuskólann á Eiðum, Reykholtsskóla, Núpsskóla, Reykjanesskóla, Reykjas skóla, Skógaskóla og Laugarvatnsskóla.

Laugaskóli í S-Þingeyjarsýslu komi undir ákvæði þessarar greinar, verði sá skóli afhentur ríkinu samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1962. Stefnt skal að því, að kennsla í skólum þessum miðist við 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, þannig að nemendur, sem teknir eru í skólana, hafi áður lokið skyldunámi.

15. gr.

Framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptast á 2—3ja ára greiðslutímabil vegna hvorrar framkvæmdar.

Framlag ríkissjóðs til hvorrar einstakrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan 3ja ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, að því ári meðtöldu, sbr. þó 8. gr., og greiðist með fimm greiðslum eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt, að verk megi hefja,

10% þegar botnplata er steypd,

20% þegar bygging er fokheld,

25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk,

20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram,

5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar (hús og búnaður).

Hafi sveitarfélag tvö eða fleiri skólamanntírki í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt, skal árlegri fjárveitingu skipt í fimm jafnar greiðslur, sem greiðast 1. marz, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Áætlun um skiptingu framlags ríkissjóðs til íþróttamannvirkja skv. 12. gr. eftir byggingarstigum framkvæmda skal ár hvert fylgja tillögum menntamálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótfamlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

16. gr.

Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólahalds, skal viðkomandi sveitarstjórn sækja um það til ráðuneytisins, sem lætur fara fram athugun og mat á verðmæti húsnæðisins. Ef af kaupum verður, tekur ríkissjóður þátt í kaupverði í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga. Slíkar byggingar skulu teknar í framkvæmdaáætlun um skólabyggingar.

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, ef að mati ráðuneytisins er hagkvæmara að kaupa sérstakar skólabifreiðir en að greiða fyrir flutning nemenda á annan hátt.

III. KAFLI

Rekstrarkostnaður.

17. gr.

Öll föst laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skóla laun vegna stunda- og forfallakennslu, allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi.

Við heimavistar skóla skyldunámsins greiðir ríkissjóður laun ráðskvænna og aðstoðarstúlkna í mótuneyti, hafi fjöldi þeirra og ráðningarkjör hlotið samþykki ráðuneytisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslustjórans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að $\frac{1}{4}$ hluta.

18. gr.

Við ákvörðun reiknaðra stunda eru allar kennslustundir og aðrar starfsstundir kennara fyrir sama fræðslustig lagðar að jöfnu. Eigi skiptir máli, hvort greitt er fyrir þær með föstum launum eða þær eru greiddar sem stundakennsla. Á sama hátt er eigi gerður munur á venjulegum kennslustundum og þeim stundum, er greiðsla fyrir heimavinnu fylgir eða greiddar eru sem yfirvinna eða með álagi vegna vinnu í kaffítíma.

19. gr.

Skólastjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkvæmt III. kafla laganna. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd til samþykktar og senda ráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag, sem ráðuneytið ákveður.

Í sveitarfélögum, þar sem fleiri en einn skóli er á sama fræðslustigi, skulu skólanefndir (fræðsluráð) sjá um deildaskiptingu í skólum og annast skiptingu reiknaðra stunda milli einstakra skóla. Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er skólanefndum (fræðsluráðum) í þessum sveitarfélögum heimilt að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólanna. Jafnframt skulu skólanefndir (fræðsluráð) gera áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna fjölda reiknaðra stunda og senda ráðuneytinu í samræmi við ákvæði fyrri mgr.

Til reiknaðra stunda teljast, auk kenndra stunda, m. a. aðstoð við skólastjórn, störf að félagsmálum nemenda, leshjálp, umsjón, leiðbeiningarstörf við kennslu; enn fremur greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og fyrir skrifstofuaðstoð, en slíkar greiðslur færast til reiknaðra stunda miðað við greiðslu fyrir stundakennslu í dagvinnu.

Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda fari ekki fram úr ákveðnu hámarki, sem er breytilegt eftir tölu nemenda samtímis í skóla, fræðslustigi, sérkennsluþörf og umsjónarþörf vegna heimavistar.

20. gr.

Hámark reiknaðra stunda á kennslumánuði skóla, sem falla undir ákvæði þessara laga, miðað við að fullnægt sé ákvæðum námsskrár, er:

- a) Á barnafræðslustigi, miðað við 40 mínútna kennslustund:

Fyrir skóla með:

allt að 10 nemendum komi 9 stundir á hvern nemanda.

11— 20 nemendum komi 90 stundir, auk átta stunda á hvern nemanda umfram 10.

21— 40 nemendum komi 170 stundir, auk sjö stunda á hvern nemanda umfram 20.

41— 80 nemendum komi 310 stundir, auk sex stunda á hvern nemanda umfram 40.

81—160 nemendum komi 550 stundir, auk fimm stunda á hvern nemanda umfram 80.

161—240 nemendum komi 950 stundir, auk fjögurra stunda á hvern nemanda umfram 160.

fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og fyrir skóla með 240 nemendum.

- b) Á gagnfræðastigi er miðað við 45 mínútna kennslustund, og fjöldi greiddra stunda má vera allt að 20% hærrí en samkvæmt a-lið.

- c) Sé nemendastundafjöldi á kennslumánuði hærrí en venjuleg námsskrá fyrir níu mánaða barnaskóla eða gagnfræðaskóla segir til um, vegna styttri skólaárs, eða vixlkennslu bekkja, má hækka stundafjölda á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu.

- d) Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptum bekk (bekkjardeild) séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, má hækka stundafjölda, sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en tólf nemendur í sérkennslutímum í einstökum bekkjardeildum.

- e) Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkvæmt a- og b-liðum um allt að 15% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist, vegna umsjónar utan kennslustunda.

- f) Greiddar stundir vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði endurgreiðast úr ríkissjóði, en koma ekki til frádráttar stundafjölda skv. liðunum a—e. Störf stjórnskipaðra prófdómenda teljast ekki með reiknuðum stundum.

Almenn ákvæði b—f-liða gilda einnig fyrir iðnskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem við getur átt.

Vikja má frá ákvæðum a—e-liða til hækunar, þegar svo stendur á, að ekki

er hægt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða nauðsynlegri umsjón í heimavist eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slik frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði (2%) af áætluðum heildarútgjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir, með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs), fleiri en samrýmist reglum a—e eða sérstakri skriflegri undanþágu ráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjöldu til samræmis.

Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 70% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1—3 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.

Um greiðslur til smábarnaskóla gilda ákvæði 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna.

21. gr.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, svo og flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólmannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði. Ríkissjóður greiðir einn kostnað samkvæmt þessari málsgrein vegna skóla, sem taldir eru í 14. gr. og eru að öllu leyti eign hans.

Endurkrefja skal heimasveitir nemenda þeirra, sem sækja skóla þá, sem taldir eru í seinasta málslið fyrrí málgr., um kostnað skv. 23. gr., og skal miða við kostnað þeirra sveitarfélaga, er sambærilega kennslu veita.

Með sama hætti skal sveitarfélögum, sem láta nemendum úr öðrum sveitarfélögum í té kennslu í skóla gagnfræðastígs, heimilt að endurkrefja heimasveitir nemenda.

22. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að ákveða, að skólar greiði hver um sig árlega miðað við nemendafjölda ákveðið gjald til Fræðslumyndasafns ríkisins, er gangi til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda. Gegn þessu gjaldi fái skólararnir afnot af myndum safnsins. Gjaldið greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ úr sveitarsjóði. Gjaldið skal ákveðið í reglugerð.

23. gr.

Sveitarfélög greiða ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, og ráða starfslið til þeirra starfa, sem hér um ræðir, að fengnum tillögum skólastjóra.

Í heimavistarskólum fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, greiðir ríkissjóður auk framan talins kostnaðar, helming fæðiskostnaðar og helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu.

24. gr.

Húsnæði til skólahalds má taka á leigu með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

Hreinar leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla koma í hlut ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Um leigu á eignum skóla má ákveða í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og skólanefnda.

25. gr.

Skólamaðnvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkvæmt 12. gr.

Umráð og umsjón skólamaðnvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

Skýlt er sveitarfélögum að sjá um eðlilegt viðhald eigna þessara að mati byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

IV. KAFLI

Endurskoðun og reikningshald.

26. gr.

Fjármálaeftirlit skóla hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara, að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt því sem menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð. Skulu fjármálaeftirlitinu afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar.

Menntamálaráðuneytinu skal sent samrit ársreikninga skólanna, athugasemda og úrskurða.

Rísi ágreiningur um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

27. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, sem lög þessi taka til, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Val reikningshaldara er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hver skuli annast reikningshald og endurskoðun þeirra skóla, sem taldir eru í 14. gr., og eru að öllu leyti eign ríkisins.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir skólans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

29. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

Stofna skal samstarfsnefnd, skipaða fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands isl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968.

Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 41/1955, með áorðnum breytingum, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnkostnaður þeirra skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið, áður en reglur (norm) byggingardeildar verða staðfestar, skal skiptast milli ríkis og sveitarfélaga og greiðast eftir sömu reglum og giltu samkvæmt lögum nr. 41/1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. apríl 1965 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Nefndin skilaði álit 13. apríl 1966, en tekur þó fram í bréfi, að hér sé ekki um fullfrágengið frumvarp að ræða, en nefndin telji sig þrátt fyrir það hafa lokið störfum, þar sem menntamálaráðherra hafi óskað eftir, að hún skilaði álit þá þegar. Í nefnd þessari áttu sæti: Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu borgarstjórans í Reykjavík, Hafsteinn Baldvinsson, þáverandi bæjarstjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Tómas Gunnarsson, þáverandi fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, Aðalsteinn Eiríksson, fjármálaeftirlitsmaður skóla, Einar Bjarnason, ríkisendurskoðandi, og Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri.

Í samráði við fjármálaráðherra fól menntamálaráðherra Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Runólfi Þórarinssyni, deildarstjóra í fræðslumálaskrifstofunni, Höskuldi Jónssyni, deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu, og Torfa Ásgeirssyni, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, að fara yfir frumvarpið, gera á því þær breytingar, sem ástæða virtist til og ganga frá því til fullnustu.

Haft hefur verið samráð við ýmsa aðila um efnisatriði frumvarpsins, og m. a. hafa þeir Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri, starfað mikið að endurskoðun frumvarpsins.

Samkvæmt samanburði, sem nefndin, er skipuð var í apríl 1965, lét gera um skiptingu rekstrarkostnaðar skóla milli ríkis og sveitarfélaga á árunum 1956, 1957, 1960 og 1964 kemur í ljós, að hluti sveitarfélaga í rekstrarkostnaðinum hefur aukizt nokkuð hlutfallslega frá því að skólakostnaðarlög nr. 41/1955 voru sett. Fer hér á eftir yfirlit um hver greiðsluhlutföllin hafa verið í barnaskólum í kaupstöðum, heimangönguskólum utan kaupstaða og gagnfræðaskólum á nefndu árabili:

1. Barnaskólar í kaupstöðum.

Ár	Hlútd. ríkissjóðs í rekstrarkostnaði	Hlútd. sveitarf. í rekstrarkostnaði
1956	69.8%	30.2%
1957	68.8—	31.2—
1960	64.5—	35.5—
1964	64.2—	35.8—

Kostnaðarhlutfall sveitarsj. hefur þarna orðið óhagstæðara um 5.7% á 8 ára tímabili.

2. Heimangönguskólar utan kaupstaða.

Ár	Hluti ríkissjóðs	Hluti sveitarsjóðs
1956	80.7%	19.3%
1957	78.4—	21.6—
1960	74.0—	26.0—
1964	71.1—	28.9—

Kostnaðarhlutfallið hefur hér breytt sveitarsjóðum í óhag um 9.6% frá árinu 1956 til ársins 1964.

3. Gagnfræðaskólar.

Ár	Hluti ríkissjóðs	Hluti sveitarsjóðs
1956	77.6%	22.4%
1957	76.5—	23.5—
1960	72.9—	27.1—
1964	75.7—	24.3—

Með þessu frumvarpi er meðal annars stefnt að því að koma á einfaldari reglum um samskipti ríkissjóðs og sveitarsjóða að því er varðar greiðslu skólakostnaðar. Í þeim tilgangi er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði einn öll laun, svo og aukagreiðslur til kennara samkvæmt kjarasamningum, hluta af húsaleigu, viðhaldskostnaði og heilbrigðisþjónustu, en sveitarsjóðir greiði einir húsvörzlu, hitun, lýsingu og ræstingu.

Þá eru í frumvarpinu allmörg önnur nýmæli, svo sem að gert er ráð fyrir byggingadeild í menntamálaráðuneytinu, sem hafi með höndum eftirlit með undirbúningi og byggingu skólamannvirkja. Tekin eru ákvæði í frumvarpið um framkvæmda-áætlanir, en þær hafa verið gerðar, að því er skólabyggingar varðar, undanfarin tvö ár. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að framlög ríkissjóðs til hvers skólamannvirkis greiðist á 2—3 árum í stað 5 ára, sem nú er ákveðið í lögum. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir, að þegar lögmæltum undirbúningi að byggingu skólamannvirkis er lokið og ráðuneytið hefur samþykkt, að verkið megi hefja, þá greiðist strax úr ríkissjóði 20% af áætluðum kostnaði verksins, og síðar er nánar ákveðið, við hvaða áfanga verksins greiðslur skuli fara fram á byggingatímanum. Gert er ráð fyrir, að byggingadeildin reikni út, hver sé eðlilegur byggingakostnaður hvers tegundar skólamannvirkis og kostnaður við innanstokksmuni, t. d. fyrir skyldufræðslustigið, og miðast þátttaka ríkissjóðs í byggingarkostnaði við þessar reglur (norm), en hlutaðeigandi sveitarfélag ber eitt kostnaðinn af því, ef byggt er stærra eða með meiri tilkostnaði en reglurnar gera ráð fyrir. Ef sveitarfélag hins vegar framkvæmir byggingu skólamannvirkis á hagfelldari hátt en reglurnar gera ráð fyrir, þá nýtur það þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að íþróttamannvirki, sem byggð eru í samráði við fræðsluyfirvöld í þeim tilgangi, að þau nýtist skólum til íþróttastarfsemi, komi undir ákvæði þessara laga og lúti sömu reglum um undirbúning, byggingaframkvæmdir og greiðslu að því leyti sem þau teljast skólamannvirki.

Gerður er greinarmunur á framlagi ríkissjóðs til kennslurýmis og heimavistar-rýmis. Samkvæmt gildandi lögum greiðir ríkissjóður 50% af stofnkostnaði heimgönguskóla, en 75% af stofnkostnaði heimavistarskóla. Hefur hver skóli verið talinn annað hvort heimgöngu- eða heimavistarskóli og stofnkostnaður greiddur í þeim hlutföllum. Samkvæmt frumvarpinu fara greiðslur aftur á móti eftir því, að hve miklu leyti húsnæðið skiptist í kennslurými og heimavistarrými. Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði kennslurýmis er hin sama hvarvetna, 50%. Þátttaka í stofnkostnaði heimavistarrýmis er ýmist 85%, þegar eitt sveitarfélag stendur að byggingunni, en 100% ef tvö eða fleiri af núverandi sveitarfélögum reisa í sameiningu heimavistar-skóla skyldunáms. Miðar þetta að því að hvetja sveitarfélög til samstarfs um þessi mál.

Samkvæmt heimild i lögum nr. 34/1962 hefur ríkissjóður tekizt á hendur að greiða einn stofn- og rekstrarkostnað þeirra héraðsskóla, sem þess hafa óskað. I frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ljúki á sinn kostnað öllum þeim byggingum við héraðsskólana, sem í smiðum eru, en síðari viðbætur eða nýir skólar lúti sömu greiðslureglum og aðrir gagnfræðastigsskólar. Þá er gert ráð fyrir, að heimasveit nemenda í héraðsskólum greiði skólunum þeirra vegna nokkurt framlag, sem miðist við almennan kostnað á nemanda hjá sveitarfélögum, er reka gagnfræðastigsskóla, sem veita sambærilega kennslu. Þá er í frumvarpinu heimild til þess, að sveitarfélög geti á sama hátt fengið nokkra greiðslu vegna kostnaðar, sem þau hafa af nemendum annarra sveitarfélaga.

Stefna þessi miðar að því að auka jöfnuð milli þeirra byggðarlaga, sem leggja í þann kostnað að byggja og reka skóla og hinna, sem ekki efna til slíkra útgjalda, en njóta góðs af skólabyggingaframkvæmdum annarra héraða.

Enn er það nýmæli í frumvarpinu, að menntamálaráðuneytið geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórna, og skuli þá sá kostnaður, sem af því leiðir, teljast til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, sem nemur allt að 2% af stofnkostnaði skólamannvirkis, þó ekki hærri fjárhæð en 500 þús. krónum til hvers einstaks skóla.

Þá er að geta þess nýmælis, að menntamálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að skólar greiði hver um sig árlega, miðað við nemendafjölda, ákveðið gjald til Fræðslumyndasafns ríkisins og gangi gjald þetta til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda, en gegn gjaldinu fá svo skólarnir afnot af myndum safnsins, eftir því sem þeir æskja.

Loks er það nýmæli að skipa skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, er fái til umsagnar reglugerðir, sem fyrirhugað er að gefa út samkvæmt lögum þessum.

Eðlilegt er, að menn vilji gera sér grein fyrir, hvaða breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og sveitarfélaga ákvæði þessa frumvarps feli í sér. Við það hefur verið miðað, að greiðslubyrðin í heild og hvors aðila um sig, ríkissjóðs og sveitarfélaga, haldist nokkurn veginn óbreytt. Þó má gera ráð fyrir, að fremur halli nú á ríkissjóð í samskiptunum, enda er talið, samkvæmt því sem áður hefur verið skýrt hér að framan, að greiðsluhlutföll hafi fremur breytt sveitarsjóðum í óhag á undanförunum árum. Hitt verður að játa, að erfitt er, nema með mjög ýtarlegri og umfangsmikilli rannsókn, að gera tölulegan samanburð á kostnaði samkvæmt gildandi fyrirkomulagi og kostnaði samkvæmt þeim reglum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fyrirsjáanlegur kostnaður, og þá fyrst og fremst vegna hinnar nýju byggingaeldar, verður að sjálfsögðu nokkur, en þar á að koma á móti sparnaður vegna styttri byggingartíma og meiri undirbúningsvinnu og aukins eftirlits með byggingaframkvæmdum.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 8. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, segir, að hver sýsla og hver kaupstaður sé fræðsluhérað, en þó skuli sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja, og að hvert fræðsluhérað sé eitt eða fleiri skólahverfi og skuli einn barnaskóli vera í hverju skólahverfi. Í 9. gr. sömu laga segir, að fræðslumálastjórn mæli fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði sé skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. þessa frumvarps ákveður menntamálaráðuneytið skiptingu landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangöngu- og heimavistarskóla, og skal ráðuneytið áður hafa aflað tillagna fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna.

Samkvæmt þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á undanförunum árum og talin er æskileg, að sameina nokkur skólahverfi um heimavistarskóla, er nauðsynlegt að ráðuneytið ákveði skiptinguna, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda eða fræðsluráða og sveitarstjórna.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal fara fram athugun á skólabyggingaþörf fyrir öll þau skólastig, sem frumvarpið fjallar um, og miðast skólabyggingaþörfin við nemandafjölda í hinum ýmsu skólahéruðum næstu ár eins og líklegt er, að hann verði samkvæmt þjóðskránni. Ætti að vera unnt að gera sér nokkra grein fyrir skólabyggingaþörfinni í heild allmörg ár fram í tímann, þótt erfiðar kunni að reynast vegna tilflutnings fólks á landinu að sjá fyrir þörf á skólabyggingum í hverju einstöku skólahéraði.

Um 4. gr.

Á grundvelli þeirrar athugunar á skólabyggingaþörf, sem 3. gr. frumvarpsins fjallar um, er ætlað til, að gerðar verði framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar fyrir allt landið. Er þá miðað við tvenns konar áætlun, aðra, sem tekur yfir allt að 10 ára tímabil, og hina, sem fjallar um árlegar framkvæmdir og ætlað er til, að höfð sé til hliðsjónar þegar Alþingi ákveður fjárveitingar til skólabygginga hverju sinni. Röð bygginga í framkvæmdaáætlun fer að sjálfsögðu eftir því, hvar þörfin er talin brýnust fyrir skólahús á hverjum tíma. Menntamálaráðuneytið raðar framkvæmdum í framkvæmdaáætlun þeirri, sem það lætur fylgja tillögum sínum um fjárveitingar, eftir því hvar það álitur skólabyggingaþörfina brýnasta. Hins vegar mundi röð framkvæmda í áætluninni að sjálfsögðu breytast, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni með fjárveitingum sínum. Áætlunin er sú, að af heildaráætluninni samkvæmt a-lið 4. gr. frumvarpsins séu jafnan valin úr í árlegu framkvæmdaáætlunina þau skólamannvirki, sem ráðuneytið telur brýnust hverju sinni, þótt Alþingi ákveði að sjálfsögðu endanlega, hver röðin verður með því fé, sem það veitir til skólabygginganna árlega. Hin endanlega árlega framkvæmdaáætlun verður að sjálfsögðu sú, sem samþykkt er í fjárlögum hverju sinni.

Í lögum nr. 66/1966, um framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, er gert ráð fyrir, að hlutverk Efnahagsstofnunarinnar sé meðal annars að undirbúa fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlanir, fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, og endurskoða þær. Þær framkvæmdaáætlanir, sem gerðar hafa verið undanfarnin tvö ár um skólabyggingar, hafa verið gerðar af Efnahagsstofnuninni í nánú samstarfi við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila. Virðist eðlilegt, að þær framkvæmdaáætlanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði unnar á svip-
aðan hátt.

Um 5. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir, að komið verði á fót sérstakri deild í menntamálaráðuneytinu, sem hafi með höndum eftirlit með undirbúningi og byggingu skólamannvirkja. Er áætlunin, að í deild þessari starfi arkitekt, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Frumkvæðið að skólabyggingum verður, eins og verið hefur, í höndum sveitarstjórna, en byggingadeildinni ber að láta í té upplýsingar um þær reglur (norm), sem byggingakostnaður hinna ýmsu tegunda skólamannvirkja miðast við. Enn fremur er deildinni ætlað að fylgjast með því, að tilskildum lágmarkskröfum um bygginguna sé fullnægt. Eins og öllum er ljóst, skiptir mjög miklu máli, að rækilegur undirbúningur hafi farið fram, áður en bygging hefst. Er þar meðal

annars átt við, að allar teikningar, bæði aðalteikningar og sérteikningar, hafi verið gerðar, svo og kostnaðaráætlanir og útbóðs- og vinnulýsingar. Hlutverk byggingadeildarinnar er ekki að annast sjálfar teikningar eða gerð kostnaðaráætlana, heldur endurskoða þessi gögn og gæta þess, að þau séu í samræmi við það, sem hagkvæmast telst.

Samkvæmt gildandi skólakostnaðarlögum, nr. 41/1955, greiðir ríkissjóður ákveðinn hundraðshluta af stofnkostnaði þeirra skólamannvirkja, sem löginn taka til, og hlutaðeigandi sveitarfélög ákveðinn hundraðshluta. Hefur þrífaldlega komið í ljós, að kostnaðaráætlanir skólamannvirkja hafa ekki staðizt, þótt slíkt eigi raunar einnig við um kostnaðaráætlanir fleiri framkvæmda. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, eins og áður segir, að byggingadeild ráðuneytisins láti í té ákveðnar reglur (norm) um byggingarkostnað hinna ýmsu tegunda skólamannvirkja. Er þá ætlað til, að sérfróðir menn hafi reiknað út, hvað eðlilegt er, að hver kennslustofa, t. d. í barnaskóla, kosti miðað við ákveðna tölu nemenda og ákveðnar lágmarkskröfur, sem gerðar eru til byggingarinnar, bæði hússins sjálfs, búnaðar og kennslutækja. Með þessu væri farið inn á sömu brautir og tíðkast á Norðurlöndum og víðar.

Um 6. gr.

Eins og segir í greininni, ráða sveitarstjórnir sérfræðinga, þ. e. arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga, til að gera uppdrætti, verklýsingar og kostnaðaráætlanir um skólamannvirki. Um alllangt skeið hefur það verið venja að leita til embættis húsameistara ríkisins um gerð uppdráttar og kostnaðaráætlana í þessu sambandi, en með stóráuknum byggingaframkvæmdum í landinu hefur húsameistarskrifstofan ekki getað annað öllum þeim verkefnum, sem ætlað hefur verið til af henni og með fjölgun arkitekta í landinu hefur farið í vöxt, að húsameistarskrifstofan hafi bent á eða falið arkitektum utan skrifstofunnar að teikna skólamannvirki eða sveitarstjórnir hafi snúið sér til annarra arkitekta og húsameistaraskrifstofan þá samþykkt teikningarnar. Eins og áður segir, er byggingadeild ráðuneytisins ekki ætlað að annast teikningar eða gerð kostnaðaráætlana, heldur einungis að endurskoða þær. Hins vegar geta sveitarstjórnir að sjálfsgöngu bæði leitað til húsameistaraembættisins og annarra arkitekta um gerð uppdráttar skólamannvirkja.

Um 7.—12. gr.

Í þessum greinum er ákveðið, að ríkissjóður greiði 50% áætlaðs stofnkostnaðar kennslurýmis og 85% áætlaðs stofnkostnaðar heimavistarrýmis í skólum, sem lög þessi taka til, samkvæmt þeim kostnaðarreglum (normum), sem byggingadeild menntamálaráðuneytisins reiknar eða lætur reikna út, en heimilt er ráðuneytinu að ákveða, að ríkissjóður greiði einn allan stofnkostnað heimavista, ef tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um skóla með samþykki þess. Miðar þetta að því að hvetja sveitarfélög til sameiningar um heimavistarskóla, sem er í flestum tilvikum hagkvæmara fjárhagslega, og einnig er auðveldara að koma við fullkomnari kennslu í skólum, ef þeir eru af vissri lágmarksstærð. Eins og tekið er fram í greininni, skal miða við byggingakostnað á þeim tíma, þegar kostnaðaráætlun um skólamannvirki er staðfest af ráðuneytinu, en ef byggingavísitala hækkar eða sú sérstaka vísitala, sem Hagstofan kynni að reikna út fyrir skólamannvirki, þá hækkar framlag ríkissjóðs í sama hlutfalli, og er þá ætlað til, að fjárveiting til skólamannvirkis hækki sem því nemur í fjárlögum næsta árs á eftir.

Eins og vikið var að hér að framan í almennum athugasemdum við frumvarpið, er tekið upp það nýmæli, að heimila menntamálaráðuneytinu að ákveða listskreytingu skólamannvirkja að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, þannig að verja megi allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði í því skyni, þó ekki hærrí fjárhæð en hálfri milljón króna til hvers skóla. Þótt ákvæði um þetta hafi ekki verið í lögum, þá hefur á undanförunum árum nokkru fé verið varið til listskreytingar eða lista-

verkakaupa í skólahús, t. d. eru mósaikmyndir og málverk í hinni nýju Kennarskólabyggingu við Stakkahlíð, ákveðið hefur verið að verja fé til listskreytinga í hinum nýja Menntaskóla við Hamrahlíð, og af eldri skólabyggingum, sem prýddar hafa verið listaverkum, má nefna Austurbæjarbarnaskólann og Melaskólann í Reykjavík.

Fjárbörf Íþróttasjóðs hefur verið miklu meiri en svo, að árleg fjárveiting (5.4 millj. kr. í fjárlögum ársins 1967) hafi nægt til að fullnægja þörfinni. Þrátt fyrir það að Íþróttasjóður hefur ekki haft meira fé til umráða en árlega fjárveitingu, þá hafa viðskiptamenn sjóðsins vænt þess, að fá greitt það hámark, sem heimilað er í lögnum, þ. e. a. s. allt að 40% af byggingarkostnaði þeirra mannvirkja, sem í hlut eiga, en til þess að fullnægja þessum óskum, þyrfti Íþróttasjóður 32.8 millj., miðað við maíbyrjun 1966. Vegna þessara fjárhagsörðugleika sjóðsins, hefur verið horfið að því í einstökum tilfellum á undanförunum árum að veita fé í fjárlögum sérstaklega til Íþróttamannvirkja, sem að réttu lagi hefðu átt að fá sinn fjárhagslega stuðning úr Íþróttasjóði. Hefur það verið gert á þeim grundvelli, að mannvirki þessi þjónuðu að einhverju eða verulegu leyti skólunum. Í þessu frumvarpi er lagt til, að Íþróttamannvirki, sem samþykkt er að byggja eftir að lög þessi koma til framkvæmda, skuli, að því leyti sem þau nýtast sem skólamannvirki, koma undir sömu ákvæði og venjuleg skólamannvirki, að því er stofnkostnað varðar, og þá jafnframt hlíta sömu ákvæðum um undirbúning og framkvæmd alla.

Um 13. gr.

Þær skólabyggingar, sem hafa haft svo litla fjárveitingu í fjárlögum, að sýnilega var ekki unnt að ná fyrir það fé nothæfum áfanga, hafa verið látnar bíða og fjárveitingar þeirra lánaðar í bili til bygginga, sem unnt var að fullljúka eða ljúka þannig, að unnt væri að taka hluta þeirra í notkun. Hafa þessi lán eða millifærslur síðan verið endurgreiddar hlutaðeigandi skólabyggingum af fjárveitingum næsta árs. Með þessu móti hefur verið unnt að hraða einstökum byggingaframkvæmdum meira en áður, enda auðséð, að hagkvæmt er að hefja ekki byggingu fyrr en nægilegt fé hefur safnast til þess að ná skynsamlegum áfanga í stað þess að hver skóli byggi árlega fyrir þá fjárveitingu, sem honum er ætluð, og þurfi þá að stöðva verkið þegar féð er þrotið, hvort sem það er hagkvæmt frá byggingarlegu sjónarmiði eða ekki. Þetta fyrirkomulag hefur ekki í för með sér, að þeim byggingum seinki, sem bíða um sinn, heldur er unnið þeim mun hraðar að þeim þegar bygging hefst. Þær fjárveitingar, sem geymdar verða, breytast samkvæmt byggingavísitölu.

Um 14. gr.

Með lögum nr. 34/1962, um breyting á lögum nr. 41/1955, var ákveðið, að héraðsskólarnir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum skuli vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess, og skyldu þá sveitarfélögin afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna eins og hann var í árslok 1961. Allir skólarnir eru nú orðnir hrein ríkiseign, nema Héraðsskólinn að Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, sem ekki hefur notfært sér þetta lagaákvæði. Einn héraðsskóli til viðbótar, Alþýðuskólinn á Eiðum, hafði verið hreinn ríkisskóli löngu áður. Eins og gerð er grein fyrir hér að framan, miða ákvæði greinarinnar að því, að héraðsskólarnir verði í framtíðinni á svipuðum fjárhagsgrundvelli og aðrir heimavistarskólar gagnfræðastígs. Þá er stefnt að því, að skólarnir verði einungis fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi.

Um 15. gr.

Áður hefur verið rætt um framkvæmdaáætlanir, bæði til lengri tíma og einnig til eins árs í senn til stuðnings við gerð fjárlaga. Þær framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar, sem gerðar hafa verið undanfarin tvö ár, hafa miðað að því að fullgera byggingu eða nothæfa áfanga bygginga á sem skemmstum tíma.

Í þessari grein er ákveðið, að framlag ríkissjóðs til hvers einstaks skólmannvirkis skuli vera til reiðu innan þriggja ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt í fjárlögum, þ. e. a. s. að í þrennum fjárlögum verði að fullu veitt fé til hvers skólmannvirkis um sig samkvæmt upphaflega staðfestri áætlun, að viðbættum hækkunum, sem breytt visitala kann að hafa í för með sér. Breytingar vegna vísi-töluhækkunar mundi ekki vera hægt að taka í fjárlög fyrr en næsta ár eftir að hækk-anirnar hafa átt sér stað, og yrði því slík hækkunargreiðsla að færast yfir á fjórða fjárlagaárið. Höfuðstefnan í þessu efni er sú, að eðlilegur byggingarhraði ráði framkvæmd verksins, en eigi þurfi að stöðva framkvæmdir, vegna þess að fé sé ekki fyrir hendi. Mælir frumvarpsgreinin fyrir um, að greiðsla byggingarkostnaðar skuli fara fram þegar vissum byggingaráföngum er náð, og greiðast 20% þegar menntamálaráðuneytið hefur samþykkt, að verkið megi hefja. Eins og nú er, leggja sveitarfélögin út byggingarkostnað og fá framlög ríkisins greidd eftir á. Hér er því um mjög mikilsverða breytingu að ræða sveitarfélögunum í hag, þar sem ríkissjóði er ætlað að greiða þegar við upphaf verks fimmtung áætlaðs framlags ríkissjóðs. Næsta greiðsla, 10%, greiðist þegar botnplata hefur verið steyppt, 20% greiðast þegar bygging er fókheld, 25% greiðast þegar múrverki er lokið og byggingin er tilbúin undir tréverk, 20% greiðast þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram og loks 5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar, bæði hús og húsbúnaður. Um allar þessar greiðslur gildir hið sama og fyrstu greiðsluna, að ríkissjóði er ætlað að greiða samtímis hlutaðeigandi sveitarsjóði, en ekki að endurgreiða sveitarsjóðunum eftir að þeir hafi lagt féð út. Ætti þetta tvennt, stytur byggingatími úr 5 árum eins og nú er í 2—3 ár, og hitt, að ríkissjóður greiði jafnsnemma til byggingaframkvæmdanna og hlutaðeigandi sveitarsjóðir, að verða til þess að létta undir með sveitarsjóðum og gera eðlilegan byggingahraða við framkvæmdirnar mögulegan. Sá hraði við byggingaframkvæmdirnar, sem fyllsta tækni á hverjum tíma gerir kleift, ætti að verða til verulegs sparnaðar, að minnsta kosti á þann hátt, að fé liggi ekki lengi bundið í ónotuðum skólmannvirkjum.

Þá er enn fremur ákveðið í 15. gr., að framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða skuli greidd í sérstakan reikning hlutaðeigandi skólmannvirkis í banka eða sparissjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þetta verður að telja mjög þýðingarmikið atriði til þess að tryggja, að það fé, sem hverju skólmannvirki er ætlað, sé jafnan til reiðu, en að framkvæmdir þurfi ekki að stöðvast eða raskast vegna þess, að annaðhvort standi á ríkissjóði eða sveitarfélögum með fjárframlög sín. Á þennan hátt er líka auðveldara að hafa yfirlit um, hvernig fjármálum hvers skólmannvirkis, sem í byggingu er, er háttáð á hverjum tíma. Þess skal getið, að þótt í frumvarpinu sé miðað við 2—3 ára greiðslutímabil með hækkunargreiðslu á fjórða ári, ef byggingavísitala breytist, þá væri æskilegast að stytta byggingar- og greiðslutíma skólmannvirkja a. m. k. í tvö ár og rétt, að stefnt yrði að því við framkvæmd laganna.

Um 16. gr.

Hagkvæmara getur verið að festa kaup á húsnæði til skólahalds en að byggja. Slík kaup yrðu háð samþykki ráðuneytisins og fjárveitingum Alþingis hverju sinni. Ef af kaupum verður, greiðir ríkissjóður sinn hluta stofnkostnaðar í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga.

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, þ. e. ef við kaup skólabifreiðar sparast t. d. heimavistarhúsnæði, sem ríkissjóður greiðir einn, þá greiðir hann einn kostnað við kaup skólabifreiðarinnar. Sama gildir um rekstur slíkrar bifreiðar. Akstur nemenda að og frá skólastað kemur í sumum tilfellum í stað heimavista og getur stuðlað að því að sameina skólahverfi eða fámenna skóla.

Um 17.—20. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður taki að fullu á sig öll kennslulaun og önnur laun, sem nauðsynleg eru vegna kennslunnar við þá skóla, er frumvarpið fjallar um.

Núverandi fyrirkomulag er í stórum dráttum þannig, að ríkið greiðir næstum öll laun fastra kennara á barnafræðslustigi, við barnaskóla í kaupstöðum 93,5%, og við barnaskóla utan kaupstaða 95,24%, en öll laun fastra kennara við önnur skólastig, sem frumvarpið tekur til. Ríki og sveitarfélög skipta sín á milli öðrum kennslukostnaði, þar á meðal greiðslum til stundakennara, í mjög mismunandi hlutföllum. Tala fastra kennara er nú ákveðin þannig, að 10 til 40 nemendur koma á hvern fastan kennara. Þessi tala er breytileg eftir tegund skóla (tegund kennslu) og fjölda nemenda í skóla, og í nágildandi lögum er miðað við tólf mismunandi nemendahópa á bilinu 10 til 40 nemendur, en auk þess eru frávik til lækkunar, ef kennslutími er styttri en 9 mánuðir, þannig að viðmiðunartölur eru enn fleiri.

Þetta flókna skiptingarfyrirkomulag getur leitt til árekstra milli ríkis og sveitararfélaga af fjárhagslegum ástæðum, og auk þess eiga fátæk og fámenn sveitarfélög erfitt með að halda uppi fullnægjandi kennslu, ef skyldutimar fastra kennara nægja ekki.

Lagafrumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu. Litið er á kennslulaunin sem eina heild, án tillits til þess, í hvaða formi þau eru greidd, þ. e. föst laun, greiðslur fyrir heimavinnu kennara, laun stundakennara, umsjón í heimavistarskólum o. s. frv. Miðað er við þann fjölda stunda, sem inntar eru af hendi vegna þessara greiðslna eins og samningar og reglur segja til um á hverjum tíma. Þetta felur í sér, að útgjöld ríkissjóðs fyrir sama stundafjölda geta verið mismunandi eftir aldri kennara, launaflokkum þeirra, umsömdum greiðslum fyrir yfirvinnu og öðru því, er áhrif hefur á dýrleika hvernar kennslustundar.

Í 17. gr. er nánar kveðið á um, hvað telst til kennslukostnaðar, og um greiðslufyrirkomulag, þ. e. hvort greitt er beint úr ríkissjóði, eða hvort um er að ræða endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar.

Í 18. gr. er nánar kveðið á um, hver sé grundvöllur hámarksákvæða um endurgreiðslur til sveitafélaga vegna kennslukostnaðar.

Hér er notað hugtakið „reiknuð stund“, þar sem færa þarf nauðsynlega kennslu til sameiginlegs mælikvarða, án tillits til þess, hvernig hver stund er verðlögð samkvæmt gildandi kjarasamningum og öðrum ákvæðum.

Reiknaðar stundir eru:

1) Skyldukennsla fastra kennara, 36 stundir (40 mín.) á viku fyrir barnakennara, en 30 stundir (45 mín.) fyrir gagnfræðastigskennara, og er þá miðað við fulla kennsluskyldu.

2) Aukastundir fastra kennara og stundir tímakennara.

3) Laun annars starfsfólks en kennara, sem vinnur störf, er skólastjórar eða kennarar ella yrðu að vinna, svo og greiðslur fyrir eyður í stundaskrá. Slík laun eru færð til reiknaðra stunda með því að deila í greidd laun með þeirri krónutölu, er á hverjum tíma er venjulega greidd fyrir stundakennslu í dagvinnu á viðkomandi fræðslustigi. Hvorki er gerður greinarmunur á því, hvort reiknaðar stundir eru nýttar til kennslu eða annarra starfa, svo sem umsjónar, starfa að félagsmálum nemenda o. s. frv., né heldur þess, hvort raunverulegur vinnutími er skemmri eða lengri en tala reiknaðra stunda segir til um.

Í 19. gr. eru ákvæði, er annars vegar eiga að tryggja, að gerð sé sem raunhæfust áætlun um það kennslumagn — þá tölu reiknaðra stunda — er hver skóli þarf til þess að sinna verkefnum sínum á næsta skólaári og hins vegar að tryggja fjárveitingarvaldinu sem bezta kostnaðaráætlun við gerð fjárlaga.

Í 20. gr. er nánar kveðið á um þann fjölda reiknaðra stunda, sem ríkissjóður stendur að fullu straum af fyrir hvern skóla.

Miðað er við fjölda reiknaðra stunda, sem heimilt er að komi á hvern nemanda

á mánuði, og er þá mánuður talinn réttar fjórar vikur í samræmi við ákvæði um skyldukennslu fastra kennara, greiðslufyrirkomulag vegna stundakennslu, heimavinnu, umsjónar o. fl. Þannig teljast 9 mánuðir 36 vikur, en 5½ mánuður 22 vikur, o. s. frv.

Eftir því sem nemendur eru færri í skóla, eru fleiri tímar til umráða á hvern nemanda, þannig að tilskilda kennslu sé hægt að veita, einnig í fámennum skólum. Eftir því sem nemendur eru fleiri í skóla og kennslukraftar nýtast af þeim sökum betur, verða færri tímar til umráða á hvern nemanda. Fyrir barnafræðslustigið gefur tafla á fskj. I yfirlit um þær stundir, sem til umráða eru fyrir skóla með mismunandi nemendafjölda. Taflan sýnir einnig þann útreikning, sem gera þarf fyrir hvern skóla á barnafræðslustigi samkvæmt a-lið 20. greinar.

Fjöldi reiknaðra stunda er miðaður við nemendur samtímis í skóla. Hér er átt við annars vegar fjölda nemenda, sem að jafnaði eru við nám kennsludag hvern í skólum, er kenna nemandahópum á víxl, t. d. annan hvern dag, og hins vegar alla nemendur í skólum, sem að einhverju eða öllu leyti eru tvísettir, þ. e. kennt er tveimur nemandahópum samdægurs.

Ákvæði um hámark reiknaðra stunda í skólum á gagnfræðastigi (b-liður 20. gr.) eru að formi til eins og ákvæði um skóla á barnafræðslustigi, en þó er gert ráð fyrir 20% hækkun á reiknuðum stundum til samræmis við hærri stundafjölda í þessum skólum.

Í c-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir, að frávik megi gera frá aðalreglu a- og b-liða, ef um sérstaklega háan stundafjölda er að ræða á hverjum kennslumánuði til þess að ná sama árangri á stuttu nemandáari og mundi fást með lengri skólagöngu hvers nemanda.

d-liður ákvæðanna er aðallega sniðinn við þarfir verknámsskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla, sem verða að hafa mikla deildaskiptingu, en reiknað er með því, að ákvæðið verði að einhverju leyti einnig nýtt til annarrar sérkennslu, svo og vegna nemenda, sem af einhverjum orsökum eiga ekki samleið með bekkjarfélögum sínum.

e-liður kveður á um hámark, að því er varðar fjölgun reiknaðra stunda vegna heimavistar við skóla. Það er augljóst, að umsjónarþörf er afar mismunandi, og búast má við að veita verði nokkrum skólum undanþágu frá hámarksákvæðinu. Ekki þótti þó rétt að miða almennt við hærri álag en 15%, því að aðstæður eru mjög ólíkar. Sums staðar mun þetta nægja vel, annars staðar alls ekki. Hér við bætist, að nú þegar eru að verða breytingar á því fyrirkomulagi, sem upprunalega var við flesta heimavistarskóla, þ. e. samfelldri dvöl nemanda í skóla allt kennslutímabilið. Bættar samgöngur hafa þegar haft þau áhrif, að við suma heimavistarskóla sækir verulegur fjöldi nemenda skólann á venjulegan hátt, þ. e. situr í kennslustundum, en býr ekki í heimavist, og eins færir í vöxt, að nemendur dveljist aðeins í heimavist á virkum dögum, en fari heim um helgar.

Rétt þótti að taka af allan vafa um greiðslu vegna forfallakennslu, og er því í f-lið 20. gr. ákvæðið, að slíkir tímar greiðist, án þess að vera taldir til reiknaðra stunda. Forfallakennsla er svo misjöfn, að ekki er rétt að láta hana hafa áhrif á þann stundafjölda, sem hver skóli hefur til umráða.

Það er ljóst, að hámarksákvæði a—e-liða nægja ekki öllum skólum, sem frumv. þetta tekur til, að óbreyttu kennslufyrirkomulagi. Hér var um tvær leiðir að velja: Fyrri leiðin var sú, að hafa sérreglur fyrir margar mismunandi tegundir skóla, húsmæðraskóla í sveit eða í kaupstað, fámenna iðnskóla, fjölmenna iðnskóla, ýmsar tegundir verknámsskóla o. s. frv. Með því hefði náðst, að sjaldan hefði þurft að sækja um undanþágur, því reglurnar hefðu verið sniðnar eftir núverandi skipulagi og í reynd verið viðurkenning á því, að hér þyrfti ekki breytinga við.

Hin leiðin var sú að hafa reglurnar einfaldar og að formi til eins fyrir alla skóla og leggja megináherzlu annars vegar á rétt nemenda til viðhlítandi kennslu og hins vegar, að kostnaður yrði ekki óhóflegur. Í þessu frumvarpi er síðari leiðin valin. Þetta leiðir af sér, að á næstu árum mun þurfa að taka afstöðu til umsóknna

skóla, er að álitni skólustjóra og skólanefnda geta ekki veitt viðhlítandi kennslu innan hinna almennu hámarksákvæða frumvarpsins.

Árleg athugun á þeim aðstæðum, sem fyrir hendi eru hjá undanþáguskólunum og sem gera þeim ókleift að veita tilskilda kennslu innan þeirra almennu kostnaðarmarka, sem skólakerfinu er sett, samkvæmt frumvarpi þessu, verður þýðingarmikil upplýsingasöfnun og um leið ábending um hvað gera þarf til úrbóta.

Eðlilegt þótti að setja hámark fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirra undanþága, sem veita verður, og hér er lagt til, að ráðuneytið hafi til umráða 2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs vegna ákvæða 20. gr., án þess að til komi sérstök fjárveiting.

Lagt er til, að fjöldi fastra kennara sé að jafnaði ekki meiri en svo, að skyldukennsla þeirra sé 70% af þeim stundafjölda, sem skólinn á rétt á. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt hámarksákvæði til þess að fastir kennarar eigi kost nokkurrar aukakennslu, og eins þess, að skólar geti ráðið stundakennara til sérkennslu.

Um 21. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélögum ýmist 50%, 85% eða 100% af húsaleigu og viðhaldskostnaði, viðhaldi og endurnýjun tækja og búnaðar og flutningskostnaði nemenda að og frá skólastað með skólabifreiðum, eftir því hvort um er að ræða heimangöngu- eða heimavistar skóla. Heilbrigðisþjónusta endurgreiðist úr ríkissjóði að hálfu í öllum skólaflokkum. Með þessum greiðslum verður þátttaka ríkissjóðs í kostnaðinum, miðað við kostnað 1964, aðeins lægri, þrátt fyrir það að þátttaka ríkissjóðs sé nú gerð jöfn í öllum skólaflokkum varðandi heilbrigðisþjónustu, en sú þjónusta er samkvæmt gildandi lögum greidd að 25% að því er barnaskóla varðar og 50% að því er framhaldsskóla varðar.

Viðhaldskostnaður, endurnýjun tækja og búnaðar, húsaleiga vegna skólalahalds þegar um hana er að ræða, og flutningskostnaður nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, og heilbrigðisþjónusta, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, þegar um er að ræða skóla, sem eru að öllu leyti ríkiseign. Aftur á móti skal endurkrefja heimasveit nemanda um kostnað vegna húsvörzlu, hitunar, lýsingar, ræstingar og annars rekstrarkostnaðar.

Um 22. gr.

Í 5. gr. laga nr. 54/1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, er menntamálaráðuneytinu veitt heimild til að kveða á um útlán eða leigu fræðslumynda úr safninu. Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að þeir skólar, sem skipta að staðaldri við safnið hafa greitt mishá árgjöld, ýmist 500, 1000 eða 1500 krónur eftir stærð skólanna. Gegn þessu gjaldi fá skólarnir ótakmörkuð viðskipti við safnið, eftir því sem geta þess leyfir, en oft verður að neita um myndir vegna þess að þær eru ekki til eða í of fáum eintökum. Þar sem mikil nauðsyn er á því skólanna sjálfra vegna að efla Fræðslumyndasafn ríkisins, hefur verið tekin heimild í 22. gr. þessa frumvarps til að ákveða, að skólar skuli greiða hver um sig til Fræðslumyndasafnsins árlegt gjald miðað við nemendafjölda og gangi gjaldið til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda. Gegn þessu gjaldi fái skólarnir síðan afnot af myndum safnsins. Gjald þetta á að greiðast að 75% úr ríkissjóði, en að 25% úr sveitarsjóðum. Segja má, að þetta ákvæði sé í rauninni staðfesting á því, sem lítillega er byrjað að framkvæma, en munurinn er sá, að ef þetta ákvæði yrði lögtekið, mundu allir skólar landsins, sem lög þessi taka til, verða gjaldskyldir til safnsins um ákveðna fjárhæð á ári, sem væntanlega yrði u. þ. b. 4000 krónur fyrir stærstu skólana. Mundi Fræðslumyndasafnið á þennan hátt fá töluvert fé til þess að auka myndaeign sína, bæði gera hana fjölbreyttari og afla fleiri eintaka af hverri mynd. Í öðrum löndum eru fræðslumyndir orðinn mikill og sjálfsagður þáttur í kennslu, en hér hefur Fræðslumyndasafnið ekki haft bolmagn sakir féleysis til þess að afla sér nægilega margra eintaka af

góðum kennslumyndum. Ber brýna nauðsyn til að bæta úr þessu, og er talið eðlilegt að ákveða fast gjald til safnsins frá skólunum fyrir afnotin. Ef horfið yrði að því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þá væri jafnframt eðlilegt að fella framvegis niður úr fjárlögum þær fjárveitingar til Fræðslumyndasafnsins, sem eru til annars en beins rekstrarkostnaðar. Allt fé, sem ætti að ganga til endurnýjunar og aukningar myndaeignar safnsins, kæmi þá frá skólunum samkvæmt framansögðu. Gert er ráð fyrir, að árgjald skólanna verði ákveðið í reglugerð.

Um 23. gr.

Samkvæmt fyrri málsgrein 23. gr. greiða sveitarfélögin ein að öllu leyti húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu, ásamt öllum öðrum rekstrarkostnaði, sem ekki eru settar aðrar reglur um í frumvarpinu.

Á því er vaxandi nauðsyn, vegna stækkunar þjóðfélagsins, að komið verði á fót heimavistarskólum fyrir nemendur, sem af einhverjum ástæðum eiga ekki samleið með öðrum í námi, enda er svo fyrir mælt í 6. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, að börnum, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis, skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskólum eða spilla góðri reglu og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum eða hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám, skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi, og má samkvæmt gildandi lögum ákveða þessum börnum einu eða tveimur árum lengri námstíma en öðrum. Kostnaður við rekstur slíkra heimavistarskóla verður eðlilega meiri af ýms-um ástæðum en við rekstur skóla fyrir venjuleg börn. Verður því að teljast eðlilegt, að ríkissjóður komi meira en nú til móts við sveitarfélögin um rekstur slíkra skóla og er í frumvarpsgreininni lagt til, að fæðiskostnaður, kostnaður við gæzlu og þjónustu í heimavistarskólum, sem stofnaðir yrðu og starfræktir samkvæmt 6. gr. laga nr. 34/1946, verði greiddur að hálfu af hvorum aðila, ríkissjóði og sveitar-sjóðum. Þar sem slíkum heimavistarskólum yrði komið á fót, ættu fleiri sveitar-félög en eitt að geta komið þangað börnum, sem á slíkri skólavist þyrftu að halda, gegn greiðslu kostnaðar að sínum hluta. Kennslu afbrigðilegra barna og ýmiss konar sérkennslu þarf að sinna miklu meira en gert hefur verið.

Um 24. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. þarfnast ekki skýringa, en um 3. málsgreinina má geta þess, að hún lýtur fyrst og fremst að leigu á eignum skóla vegna gistihússrekstrar á sumrum, en það fer mjög vel saman, að skólahúsin séu notuð til að bæta úr hinni miklu gistihúsaþörf þann tíma árs, sem þau eru ekki notuð til kennslu. Á undan-förnum árum hafa mörg skólahúsanna verið rekin sem gistihús á sumrum og hefur það fyrirkomulag reynzt vel, bætt úr brýnni þörf fyrir gististaði, þar sem ekki er grundvöllur til rekstrar gistihúsa allt árið, og einnig ætti þetta að geta gefið skól-unum nokkrar tekjur.

Efni 4. mgr., um heimavistargjöld, er óbreytt frá gildandi lögum, nr. 18/1958, um breyt. á lögum nr. 41/1955.

Um 25. gr.

1. mgr. 25. gr. þarfnast ekki skýringa. Í 3. mgr. er kveðið á um, að sveitarfélögum sé skylt að sjá um eðlilegt viðhald eignanna að mati byggingadeildar menntamála-ráðuneytisins, en kostnaðurinn af viðhaldinu greiðist í sömu hlutföllum og stofn-kostnaður, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Í 14. gr. laga nr. 41/1955 segir um þetta, að áætla skuli viðhaldskostnaðinn og leita samþykkis menntamálaráðuneytisins um allar viðhaldsframkvæmdir, sem áætlaðar eru samtals yfir 20 þúsund krónur og

sé viðhaldskostnaður ríkissjóði óviðkomandi, ef þessum skilyrðum sé ekki fullnægt. Í staðinn fyrir þessi ákvæði kemur mat byggingadeildar ráðuneytisins á því, hvert sé eðlilegt viðhald þessara eigna.

Í 2. mgr. er kveðið á um, að umsjón skólmannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skuli vera í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð. Reglugerð sú, sem nú gildir um þetta efni, er nr. 113/1958.

Um 26. og 27. gr.

Hér er um svipuð ákvæði að ræða og eru í gildandi lögum nr. 41/1955.

Um 28. gr.

Efnislega eru ákvæði þessarar greinar óbreytt frá gildandi lögum, nr. 41/1955.

Um 29. gr.

Hér er um að ræða nýmæli að því leyti, að ákveðið er í frumvarpinu að koma skuli á fót samstarfsnefnd, skipaðri fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ætlað er til, að fái til umsagnar fyrirhugaðar reglugerðir áður en þær eru gefnar út, svo að ráðuneytinu séu sem ljósust viðhorf sveitarfélaganna áður en reglugerðir, sem varða samskipti um þessi mál, eru settar.

Um 30. gr.

Þar sem þessi löggjöf felur í sér ýmis nýmæli, bæði að því er varðar stofn- og rekstrarkostnað, þá tekur nokkurn tíma að löggin komist til fullra framkvæmda. Varðandi stofnkostnað skólmannvirkja er það að segja, að erfitt kann að reynast að láta hinar nýju reglur koma þegar í stað til framkvæmda vegna óhjákvæmilegs undirbúnings, t. d. útreiknings á kostnaðarreglum (normum), en ákveðið er að löggin verði komin að fullu til framkvæmda 1. september 1968.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir, að þau skólmannvirki, sem ráðuneytið hefur samþykkt áður en reglugerð verður gefin út um þær reglur (norm), sem farið skal eftir við greiðslu stofnkostnaðar, lúti ákvæðum, sem eru í lögum nr. 41/1955, að því er varðar greiðslufyrirkomulag og skiptingu stofnkostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fylgiskjal I.

Fjöldi reiknaðra stunda á mánuði (1 mánuður = 4 vikur) í heimaönguskólum barnafræðslustigs, sbr. a-lið 20. gr. frv.

Fjöldi nemenda samtímis í skóla:		Stundir á mánuði	
		Alls: Á nemanda:	
15 nemendur			
Fyrstu	10	$10 \times 9 =$	90
næstu	5	$5 \times 8 =$	40
<hr/>		<hr/>	
Alls	15		130 8.7
20 nemendur			
Fyrstu	10	$10 \times 9 =$	90
næstu	10	$10 \times 8 =$	80
<hr/>		<hr/>	
Alls	20		170 8.5
25 nemendur			
Fyrstu	20		170
næstu	5	$5 \times 7 =$	35
<hr/>		<hr/>	
Alls	25		205 8.2
40 nemendur			
Fyrstu	20		170
næstu	20	$20 \times 7 =$	140
<hr/>		<hr/>	
Alls	40		310 7.8
80 nemendur			
Fyrstu	40		310
næstu	40	$40 \times 6 =$	240
<hr/>		<hr/>	
Alls	80		550 6.9
160 nemendur			
Fyrstu	80		550
næstu	80	$80 \times 5 =$	400
<hr/>		<hr/>	
Alls	160		950 5.9
240 nemendur			
Fyrstu	160		950
næstu	80	$80 \times 4 =$	320 5.3
<hr/>		<hr/>	
Alls	240		1 270 5.3
300 nemendur		$300 \times 5.3 =$	1 588 5.3
400 nemendur		$400 \times 5.3 =$	2 120 5.3

Fylgiskjal II.

Hámarksfjöldi reiknaðra stunda á mánuði eftir fjölda nemenda og tegund skóla.
(Miðað er við ákvæði a-, b- og e-liða 20. gr. frv. eingöngu.)

Fjöldi nemenda samtímis í skóla	Alls				Á nemanda			
	Barnafræðsla		Gagnfræðastig (+20%)		Barnafræðsla		Gagnfræðastig	
	Heimanganga	Heimavist +15% á dálk 2	Heimanganga	Heimavist +15% á dálk 4	Heimanganga	Heimavist	Heimanganga	Heimavist
1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
10	90	104	108	124	9.0	10.4	10.8	12.4
15	130	150	156	179	8.7	10.0	10.4	11.9
20	170	196	204	235	8.5	9.8	10.2	11.7
40	310	357	372	428	7.8	8.9	9.3	10.7
80	550	633	660	759	6.9	7.9	8.3	9.5
160	950	1093	1140	1311	5.9	6.8	7.1	8.2
240	1270	1461	1524	1753	5.3	6.1	6.4	7.3
300	1588	1826	1906	2192	5.3	6.1	6.4	7.3
400	2117	2435	2540	2921	5.3	6.1	6.4	7.3

Fylgiskjal III.

Réttur skóla til fastra kennara, miðað við að skyldukennsla sé 70% af fjölda reiknaðra stunda. Miðað er við hámarkskennduskilyldu, án afsláttar vegna aldurs eða skólastjórarstarfa.

Fjöldi nemenda samtímis í skóla	Fjöldi fastra kennara			
	Barnafræðslustig		Gagnfræðastig	
	Heimanganga	Heimavist	Heimanganga	Heimavist
1.	2.	3.	4.	5.
10	0.4	0.5	0.6	0.7
15	0.6	0.7	0.9	1.0
20	0.8	1.0	1.2	1.4
40	1.5	1.7	2.2	2.5
80	2.7	3.1	3.8	4.4
160	4.6	5.3	6.6	7.6
240	6.2	7.1	8.9	10.2
300	7.7	8.9	11.1	12.8
400	10.3	11.9	14.8	17.1

Skyldukennsla á barnafræðslustigi, 36 tímar á viku, 144 tímar á mánuði.

Skyldukennsla á gagnfræðastigi, 30 tímar á viku, 120 tímar á mánuði.

Réttur flestra skóla verður í reynd hærri en tilfært er í töflu. Kemur þar bæði til, að eingöngu er miðað við reiknaðar stundir samkv. a-, b- og e-liðum 20. gr. frumvarpsins, og eins að oftast kemur til afsláttar vegna skólastjórarstarfa eða aldurs.

Fylgiskjal IV.

Reiknaðar stundir hjá 25 skólum samkv. reikningi 1964 og samkv. a-, b- og e-liðum 20. gr. frumvarpsins.

	Skóla- númer	Nemendur			Gr. stundir 1964		Reiknaðar st. á mánuði	
		Alls á árinu	Samtímis í skóla	Kennslu mánuðir	Alls	Á mánuði	skv. frv.	Mismunur
Farskólar								
—	1	24	12	6	792	132	106	+ 26
—	2	15	15	6	792	132	130	+ 2
—	3	11	11	3.5	462	132	98	+ 34
Heimangönguskólar utan kaupstaða								
—	4	15	15	5	680	136	130	+ 6
—	5	20	10	6	528	88	90	÷ 2
—	6	44	44	8	2418	302	334	÷ 32
—	7	51	51	8	3313	414	376	+ 38
—	8	75	75	8	2920	365	520	÷155
—	9	89	89	7	4287	612	595	+ 17
—	10	106	106	8	4215	527	680	÷153
—	11	227	227	9	8712	968	1218	÷250
—	12	140	140	8	5352	669	850	÷181
Unglingaskólar								
—	13	36	36	7	1968	281	338	÷ 57
—	14	31	31	7	1772	253	296	÷ 43
—	15	23	23	7	1612	230	229	+ 1
—	16	31	31	7	1889	270	296	÷ 26
—	17	20	20	7	1585	226	204	+ 22
Heimavistarskólar skyldunáms								
—	18	121	65	8	5409	676	635	+ 41
—	19	110	55	8	4716	590	552	+ 38
—	20	73	40	8	3566	446	428	+ 18
—	21	92	50	8	3840	480	511	÷ 31
—	22	55	28	8	2410	301	312	÷ 11
—	23	44	23	7	2452	350	264	+ 86
—	24	28	15	8	1470	184	179	+ 5
—	25	17	9	7	1162	166	112	+ 54
Alls		1498	1221		68322	8930	9483	+388 ÷941

Tölur þessar, annars vegar greiddar stundir samkvæmt reikningum 1964, hins vegar reiknaðar stundir samkv. a-, b- og e-lið 20. gr. frumvarpsins, eru ekki fyllilega sambærilegar. Þær ættu samt að gefa sémilega mynd af þeim frávikum, sem búast má við, og af þeim undanþágum, sem veita verður einstökum skólum. Í mismunadálk (aftast) táknar + fyrir framan tölu þær stundir, sem virðist vanta.